


Alþingi á sal Lærða skólans

Sýningarskrá

Guðjón Friðriksson tók saman



*Afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar
2011*



Jón Sigurðsson forseti. Þjms.



Vatnslitamynd á forsiðu er eftir Michael Lund sem var læknir á dönsku varðskipi við Íslandsstrendur. Hún er máluð 1852, ári eftir þjóðfundinn, frá afar óvenjulegu sjónarhorni, af skipsfjöl á legunni undan Arnarhóli. Stórhýsi Lærða skólans gnæfir yfir Stjórnarráðshúsið og miðbæinn. Skansinn, varnarvirki bæjarins, til vinstri. Þjms.

Alþingishús í 36 ár

Þegar Alþingi var endurreist 1844 var ekkert hús til á Íslandi fyrir hið nýja þing. Deilt hafði verið um staðsetningu þess og skiptust menn í tvær fylkingar. Þeir rómantísku, með Fjölnismenn í broddi fylkingar, vildu að þingið yrði háð á Þingvöllum, en hinir raunsærri kusu Reykjavík. Jón Sigurðsson var í þeirra hópi. Hann gerði sér grein fyrir því að þingið þyrfti hús, starfsfólk, prentsmiðju og aðgang að bókasafni, og Reykjavík varð fyrir valinu.

Pá var stórhýsi Lærða skólans í smíðum við Lækjargötu og þar skyldi þingið háð. Samkomusalur skólans er afar glæsilegur, með klassísku skrauti, og þar var þingið haldið allan tímann sem Jón Sigurðsson sat á þingi, síðast 1879. Afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar þótti rík ástæða til að gefa almenningi kost á að kynnst þeim stað sem var alþingishús Íslendinga í 36 ár. Nýtt alþingishús var síðan reist og tekið í notkun 1881.

Tengsl Jóns Sigurðssonar við Reykjavík voru kannski meiri en virðist í fljótu bragði. Hann kom fyrst til bæjarins vorið 1829, tæplega 18 ára gamall, til að taka stúdentspróf. Hann bjó fyrsta árið hjá Einari Johnsen, föðurbróður sínum, og vann hjá honum í Knudtzonsverslun í Hafnarstræti. Þar kynntist hann Ingibjörgu, dóttur Einars, tilvonandi konu sinni. Vorið 1830 réðst Jón sem skrifari til Steingríms Jónssonar biskups sem bjó í Laugarnesi, og var heimilisfastur á biskupssetrinu í þrjú þar til hann sigldi til Kaupmannahafnar til náms haustið 1833.

Jón Sigurðsson sneri ekki aftur til Reykjavíkur fyrr en 1845 og þá sem alþingismaður Ísa-fjarðarsýslu. Í þeirri för heimsótti hann foreldra sína og kjörðæmi fyrir vestan og kvæntist Ingibjörgu Einarsdóttur, frænku sinni.

Alþingi var háð annað hvert sumar og Jón sat öll þing þessi 36 ár, þar með talinn Þjóðfundinn 1851, að undanskildum árunum 1855, 1861, 1863 og 1879. Fjórtán sinnum sigldu þau hjónin því yfir Atlantsála, til Íslands í sumarbyrjun og til baka að hausti. Þau bjuggu á ýmsum stöðum í Reykjavík yfir þingtímann, m.a. í Lækjargötu hjá Maddömu Thorgrimsen, í Aðalstræti 10 á meðan Jens bróðir Jóns bjó þar, og einnig hjá honum í Lærða skólanum eftir að Jens var orðinn rektor skólans. Það má því segja að Jón Sigurðsson hafi dvalið í Reykjavík í rúm fjögur ár sem ungur maður og fjórtán sumur að auki.

Afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar þakkar Yngva Péturssyni, rektor Menntaskólans í Reykjavík, gott samstarf við undirbúning þessarar sýningar á Sal skólans og Guðjóni Friðrikssyni fyrir texta sýningarskrár.


*Sólveig Pétursdóttir
formaður afmælisnefndar Jóns Sigurðssonar.*

Guðjón Friðriksson:

Alþingi á sal Lærða skólans

Allt frá því að Alþingi var endurreist árið 1845 og þar til alþingishúsið var byggt 1881 var aðsetur þingsins í Lærða skólanum í Reykjavík. Alþingi var að jafnaði háð annað hvert ár á þessu tímabili og ávallt að sumarlagi.

Þjóðfundurinn 1851 var einnig haldinn í skólanum. Þingfundir fóru fram á sal skólans og þar sat Jón Sigurðsson forseti öll sín þing. Lærði skólinn – nú Menntaskólinn í Reykjavík – er því einn af merkustu sögustöðum þjóðarinnar.



Lærði skólinn. Þjms.



Elsta mynd af Lærða skólanum. Dökkleita húsið fyrir neðan skólann, ofarlega á myndinni til hægri, er Thorgrimsenshús en þar bjuggu þau Jón Sigurðsson og Ingibjörg fyrstu þingin sem hann sat. Þjms.

Baráttan fyrir endurreisn Alþingis



Baldvin Einarsson hóf baráttuna fyrir endurreisn Alþingis. Þjms.



Fåa konunga hafa Íslendingar haft í meiri metum en Kristján VIII. Hann gaf út tilskipun um endurreisn Alþingis. Þjms.

Hið forna Alþingi Íslendinga á Þingvöllum var síðast háð þar sumarið 1798. Það hafði þá um langan tíma einungis verið dómstóll. Síðustu tvö sumrin sem það starfaði var það haldið í Reykjavík en það var svo lagt niður með konungsúrskurði árið 1800 og í stað þess tekinn upp Landsyfirrættur sem starfaði í Reykjavík.

Ísland var hluti hins danska konungsveldis og konungurinn var einvaldur, það er völd hans voru hvorki takmörkuð af þingi né dómstólum. Allt frá því á síðari hluta 18. aldar höfðu frelsis- og byltingarhreyfingar þó skekið hin einvöldu konungsríki í Evrópu og var þar skemmst að minnast frönsku stjórnarbyltingarinnar. Þýska ríkjasambandið var stofnað árið 1815 í tengslum við friðarsamninga í Vín og varð Danakonungur að gangast inn á það sem hertogi Holtsetalands, sem var aðili að sambandinu, að stofna þar lög-gjafarþing og veita hertogadæminu sérstaka stjórnarskrá. Hann hummaði þetta þó fram af sér en eftir júlíbyltinguna 1830 varð ekki undankomu auðið. Með konungstilskipun 1831 var ákveðið að stofna til svokallaðra stéttaþinga í Danmörku sem áttu reyndar að vera ráðgefandi fyrir konung en ekki löggjafarþing. Ákveðið var að hafa stéttaþingin fjögur talsins; eitt fyrir Holtsetaland, annað fyrir Slésvík, þriðja fyrir Jótland og hið fjórða fyrir eyjarnar.

Þegar þessi úrskurður konungs var kunngerður lét íslenskur námsmaður í Kaupmannahöfn; Baldvin Einarsson að nafni, þá skoðun í ljós að réttast væri að Ísland fengi sitt eigið þing með því að endurreisa Alþingi í stað þess að vera aðili að einhverju hinna fjögurra. Ekki var fallist á þetta en í stað þess fengu Íslendingar tvo fulltrúa á stéttaþing Eydana sem konungur tilnefndi sjálfur.

Með málflutningi Baldvins Einarssonar hófst barátta fyrir endurreisn Alþingis og fór hún ekki síst fram meðal íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn. Á Íslandi voru þegar frá leið einnig samdar bænarskrár um sama efni. Þetta varð til þess að konungur skipaði sérstaka íslenska embættismannanefnd og átti hún að vera honum til ráðgjafar um íslensk málefni, var hún eins konar undanfari hins endurreista Alþingis. Í henni sátu 10 helstu embættismenn landsins og kom hún saman í Reykjavík 1839 og aftur 1841.

Nýr konungur, Kristján VIII, ákvað vorið 1840 að fela embættismannanefndinni að íhuga stofnun ráðgjafarþings á Íslandi. Á fundi hennar 1841 lagði hún til að slíkt þing yrði stofnað og yrði það kallað Alþingi. Meirihluti nefndarmanna vildi hafa það í Reykjavík en minnihlutinn á Þingvöllum. Urðu miklar deilur um þetta og fyrirkomulag þingsins. En niðurstöður nefndarinnar urðu til þess að konungur gaf út tilskipun hinn 8. mars 1843 um endurreisn Alþingis í Reykjavík.

Nýr leiðtogi stígur fram á sjónarsviðið

Um 1840 tók tæplega þrítugur stúdent, Jón Sigurðsson frá Hrafnseyri við Arnarfjörð, forystu meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn. Árið 1841 hóf hann að gefa út tímaritið *Ný félagsrit* ásamt með fylgismönnum sínum þar og vakti hann athygli um allt land fyrir skeleggan og einarðan málflutning í riti sínu og á öðrum vettvangi. Segja má að hugmyndaheimur og baráttumál Jóns Sigurðssonar hafi mótast af þremur alþjóðlegum meginstraumum sem áberandi voru í uppvesti hans og samtíma.

Í fyrsta lagi voru það áhrif Upplýsingastefnunnar, sem setti mark sitt á Ísland á síðari hluta 18. aldar og langt fram á 19. öld. Stefnan var byggð á skynsemi og rannsóknum í stað trúar á yfirmáttúruleg öfl og rétttrúnaðar lútersku kirkjunnar. Í öðru lagi kom rómantíska stefnan upp um aldamótin 1800 og spruttu af henni nýjar kenningar um þjóðerni og þjóðríki. Í þriðja lagi var frjálslyndisstefnan (liberalisminn) orðin ríkjandi stefna í hagfræði í Vestur-Evrópu og þar með Danmörku á tímum Jóns Sigurðssonar. Með henni var lögð áhersla á ýmis borgaraleg lýðaréttindi, svo sem atvinnufrelsi, málfrelsi og prentfrelsi.

Strax í fyrsta árgangi *Nýrra félagsrita* skrifaði Jón Sigurðsson um væntanlegt Alþingi Íslendinga. Hann taldi að meginmarkmið þess ætti að vera að efla framför alþýðu og glæða þjóðarandann því að hver þjóð ætti náttúrulegan rétt til að stjórna sér sjálfri. Ennfremur vildi hann afnema einveldi konungs og koma á þingbundinni konungsstjórn.

Þar sem fyrirhuguðu Alþingi var á þessum tíma einungis ætlað að vera ráðgefandi fyrir konung, líkt og stéttaþingin í Danmörku, vildi Jón að það yrði fyrst í stað eins konar æfingavöllur fyrir þjóðina eða félagsmálaskóli. Íslendingar, sem aðeins voru tæplega 60 þúsund um þessar mundir, voru flestir bláfátækir og dreifðir um landið enda sáralítið um þéttbýli. Þeir voru óvanir að starfa saman í félögum og kunnu hvorki fundarsköp né að halda ræður. Jón vildi ala landsmenn sína upp á nýjan leik og líkti þroskaferli þjóðarinnar við þroskaferil einstaklings frá barnsaldri til fullorðinsára. Hann tók að sér landsföðurlegt hlutverk og má með réttu kalla föður hins íslenska þjóðríkis.



Jón Sigurðsson 33 ára. Málverk eftir Wegener frá 1844. Þjms.



Upphaf ritgerðar Jóns Sigurðssonar, *Um Alþing á Íslandi*, í fyrsta árgangi *Nýrra félagsrita* 1841. Lbs.



Grein í Fjölni 1844 þar sem gagnrýnd er sú ákvörðun að þingið skuli haldið í Reykjavík en ekki á Þingvöllum. Lbs.

Reykjavík eða Þingvellir?

Það sem umdeildast var í málflutningi Jóns Sigurðssonar í upphafi var að hann vildi hafa Alþingi í Reykjavík en ekki á hinum forna þingstað á Þingvöllum eins og Fjöl­nis­menn og aðrir rómantískir einstaklingar börðust ákaflega fyrir. Hann sagði: „En þótt hugur og tilfinningar mæli fram með Þingvelli, þá mælir að minni hyggju skynsemi og forsjálni með Reykjavík.“ Þar talaði upplýsingarmaðurinn. Hann taldi nauðsynlegt að efla miðstöð stjórnsýslu, lærdóms og iðnaðar á Íslandi: „en til þess þarf að vera einhver sá aðalstaður að öll framför landsins og menntan, sú er sambýður þessari öld og hverri hinni komandi megi safnast á og útbreiddast þaðan og viðhaldast á Íslandi.“ Og Jón bætti við: „Menn hafa lengi hatast við Reykjavík af því hún væri danskt óræsti og mótsnúin öllu þjóðerni Íslendinga en mér finnst það standi í voru valdi að gjöra hana íslenska ef vér viljum ...“



Fjöl­nis­menn og margir aðrir vildu endurreisa Alþingi á Þingvöllum. Jón Sigurðsson taldi að skynsemi og for­sjál­ni mælti með Reykjavík. Teikning eftir Auguste Mayer 1836.

Kosinn þingmaður Ísfirðinga

Jón Sigurðsson fór strax að huga að þingsæti á hinu fyrsta endurreista Alþingi en kjör­gengi var háð eign og því fáir sem gátu boðið sig fram. Grundvöllur framboðs hans var að hann átti jarðarpart í Gljúfurá í Arnarfirði sem byggðist á gjöf frá afa hans á sínum tíma. Ákvað hann að bjóða sig fram fyrir Ísafjarðarsýslu þó að hann hefði ekki komið vestur síðan hann var 18 ára gamall og hefði engin tök á að koma sjálfur heim fyrir kosningarnar. En hann átti öfluga stuðningsmenn vestra sem börðust fyrir kjöri hans. Kjörfundur var haldinn í kirkjunni á Ísafirði 13. apríl 1844 og þar var Jón kjörinn þing­maður Ísfirðinga með 50 af 52 greiddum atkvæðum. Þingsætinu átti hann eftir að halda til æviloka.




Ísafjörður. Á kjörfundi þar var Jón Sigurðsson kjörinn þingmaður sýslunnar árið 1844 og jafnan síðan meðan hann lifði. Þjms.



Gljúfurá í Hrafnseyrarsókn í Arnarfirði. Jón Sigurðsson átti hlut í samnefndri jörð og var því kjörgengur til Alþingis. JL.

Fyrsta alþingishúsið var Lærði skólinn



Sætaskipan á fyrsta þinginu 1845, teiknuð upp af Jóni Sigurðssyni. Þjóðskjalasafn.

Árið 1845 var Reykjavík einungis lítið þorp með tæplega 1000 íbúa. Byggðin samanstóð mest af danskætтуðum einlyftum tjörguðum timburhúsum með háu þaki sem flest voru í Kvosinni og auk þeirra dreifðum torfbæjum í holtunum í kring og meðfram ströndinni út frá Miðbænum. Veglegasta byggingin var Stifamtmannsbústaðurinn (núverandi Stjórnarráð) í Arnarhólstúni. Ekkert hótél var í bænum, ekkert sjúkrahús og enginn samkomusalur, einungis vínkrá í litlu klúbbhúsi. Nýlega var búið að flytja einu prentsmiðju landsins úr Viðey í gamalt timburhús við Aðalstræti og eini skólinn á staðnum var fámennur barnaskóli sem átti þó eftir að leggja upp laupana innan örfárra ára.

En nú var í byggingu nýtt stórhýsi, stærsta hús landsins, sem setti mikinn svip á bæinn. Árið 1841 hafði verið gefin út konungleg tilskipun um að Lærði skólinn skyldi fluttur frá Bessastöðum til Reykjavíkur. Hinu nýja húsi skólans var valinn staður fyrir ofan Læk og hófst bygging hans sumarið 1844. Kom viðurinn tilhöggvinn frá Noregi. Veturinn eftir var unnið að smíði innviða skólans. Í norðurenda byggingarinnar á efri hæðinni var innréttaður viðhafnarsalur með klassísku skreyti og er ekki ólíklegt að sérstaklega hafi verið vandað til hans með það í huga að hann yrði jafnframt samkomustaður Alþingis.



Alþingissalurinn í Lærða skólanum. JL.

Hið fyrsta endurreista Alþingi

Alþingi var sett á sal hins nýreista Lærða skóla í Reykjavík 1. júlí 1845 og sátu það 25 þingmenn, þar af 19 kjördæmakjörnir en sex konungkjörnir. Ekki tókst að kjósa þingmann fyrir Vestmannaeyjar. Þingmenn röðuðu sér við borð meðfram þremur veggjum salarins en við norðurvegg beint á móti dyrum voru sæti konungsfulltrúa – auk tveggja aðstoðarmanna hans – og forseta Alþingis. Skrifarar þingsins sátu við borð á miðju gólfi. Jón Sigurðsson, þingmaður Ísfirðinga, sat í suðvesturhorni salarins og hafði Helga Thordersen dómkirkjuprest, konungkjörinn þingmann, á vinstri hönd en Skúla Thorar-ensen, þingmann Rangæinga, á hægri hönd.

Sérstakur fulltrúi konungs á þessu fyrsta Alþingi var danski aðalsmaðurinn Carl Emil Bardenfleth, sem áður hafði verið stiftamtmaður á Íslandi og því öllum hnútum kunnugur á landinu. Hann var æskufélagi danska krónprinsins og átti eftir að verða valdamikill ráðherra í Danmörku fáeinum árum síðar. Ekki voru þó allir sáttir við hann á Alþingi Íslendinga þar sem hann talaði naumast íslensku og þurfti á túlk að halda. Jón Sigurðsson sagði í grein ári seinna: „Oss fannst hann skoða Ísland sem undirlægju Danmerkur ...“

Fyrsti forseti Alþingis var öldungurinn Bjarni Þorsteinsson amtmaður.

Alþingi 1845 fór að mestu vel fram og með hófsömum hætti. Jón Sigurðsson tók strax forystu meðal almennra þingmanna, var kosinn í fjölmargar nefndir og var framsögu- maður þeirra margra. Hann var aðeins 34 ára gamall, þegar hér var komið sögu, en meirihluti þingmanna leit til hans sem leiðtoga síns. Það voru helst hinir konungkjörnu þingmenn, flestir embættismenn af gamla skólanum, sem höfðu horn í síðu hans.

Áður en þingstörf hófust fór Jón í kjördæmi sitt í Ísafjarðarsýslu og hélt þar fundi með kjósendum sínum og eftir að þingi lauk sendi hann bréf vestur um störf þingsins og álit sitt á þeim. Engum öðrum þingmanni dattu þá slík vinnubrögð í hug. Meðan hann var í Reykjavík lá til hans stöðugur straumur manna, bæði þingmanna og annarra sem komu sumir langt að til að líta þennan undramann augum eða ná tali af honum. Einn þingmanna skrifaði ári seinna og sagði að sér hefði blöskrað sá átroðningur „nótt og nýtan dag“ sem Jón hefði orðið fyrir af öllum meðan á þinginu stóð. Jón Sigurðsson var stjarna þingsins og þegar orðinn helsta vonarstjarna Íslendinga. Bóndi norður í landi skrifaði 1846: „Allir held ég nú þekki nafn Jóns Sigurðssonar. Hann er af öllum almúga lofaður ...“

Ekki er vitað hvar Jón Sigurðsson bjó meðan hann var á þingi að þessu sinni en líklegt má telja að hann hafi búið í húsi maddömu Sigríðar Thorgrimsen, undir sama þaki og Ingibjörg unnusta hans en þau giftust þá um haustið. Húsið var nálægt norðanverðu horni Lækjargötu og Vonarstrætis sem nú er.




Carl Emil Bardenfleth konungsfulltrúi. Þjms.




Jón Sigurðsson og Ingibjörg Einarsdóttir á einu ljósmyndinni sem til er af þeim saman. Myndin er eflaust tekin fljótlega eftir að þau gengu í hjónaband 4. september 1845. Þjms.


Bréfaskriftir, bænarskrár og fyrirgreiðsla



Jón Sigurðsson, steinprent. Þjms.



Ný félagsrit. Lbs.



Reykjavík 1835. Mynd eftir Frederick Kloss. Þjms.

Annað þingið 1847

Alþingi hið annað í röðinni var háð á sal Lærða skólans sumarið 1847. Jón og Ingibjörg komu til landsins í lok maí en héldu aftur til Kaupmannahafnar um miðjan ágúst. Gist munu þau hafa sem fyrr í litla húsinu við Lækinn hjá maddömu Sigríði Thorgrimsen og það munu þau hafa gert á öllum Íslandsferðum sínum til 1853 en Sigríður flutti síðar til Kaupmannahafnar og bjó á heimili þeirra á elliárum. Jón fór sem fyrr vestur á firði til að halda fund með kjósendum sínum en þingið var sett 1. júlí. Bardenfleth var sem fyrr sendur til Íslands sem konungsfulltrúi. Fyrir utan allmörg stjórnarfrumvörp bar það helst til tíðinda að bænarskrár bárust þinginu víðs vegar að af landinu, alls 78 talsins, margar samdar að undirlagi Jóns. Í þeim bar hæst kröfuna um verslunarfrelsi, sem Jón hafði árum saman barist hart fyrir, og náði loks fram að ganga 1855, og kröfuna um frjálslegri kosningarétt og kjörgengi. Jón barðist á þinginu fyrir aðskilnaði fjárhags Danmerkur og Íslands og ennfremur vildi hann að konungur skrifaði undir íslenskan texta þeirra laga sem þingið samþykkti en ekki einungis danskan eins og gerðist eftir þingið 1845. Ekkert af þessu náði þó fram að ganga að þessu sinni.



Verslun í Reykjavík 1876. London Illustrated News.



Maddama Sigríður Thorgrimsen. Þjms.

Einveldið fellur



Friðrik konungur 7. gaf fyrirheit um sérstaka stjórnarskrá fyrir Ísland. Erl.


Árið 1848 gerðust stórtíðindi í Danmörku. Í kjölfar febrúarbyltingarinnar í París myndaðist byltingarástand í Danaveldi. Nýr konungur, Friðrik VII, varð að afsala sér einveldi og gaf fyrirheit um stjórnarskrá þar sem kveðið væri á um þingbundna stjórn og almenn mannréttindi. Stjórnlagabíng sat að störfum í Danmörku veturinn 1848-1849 og var Jón Sigurðsson einn af fimm fulltrúum Íslendinga á því. Stjórnarskrá fyrir Danmörku (Grundloven) var síðan fest í lög 5. júní 1849 og hefur það síðan verið þjóðhátíðardagur Dana. En hún gildi ekki fyrir Ísland. Jón leit svo á að Íslendingar hefðu einungis svarið konungi hollustueið en nú þegar hann hefði afsalað sér völdum sínum í hendur dönsku þjóðinni ætti hann einnig að afsala sér völdum til íslensku þjóðarinnar. Á þetta var fallist í hita augnabliksins 1848. Friðrik VII sendi frá sér bréf þar sem Íslendingum var heitið eigin stjórnlagabíngi með fyrirheitum um sérstaka stjórnarskrá fyrir Ísland.



Febrúarbyltingin 1848. Erl.

Hugvekja til Íslendinga

Meðan byltingarástand var í Danmörku á útmánuðum 1848 samdi Jón Sigurðsson sitt frægasta rit sem hann nefndi *Hugvekju til Íslendinga*. Hún hófst á hinum fleygu orðum: „Dagur er upp kominn ...“ Í ritgerðinni skilgreindi Jón stöðu Íslendinga og lagði áherslu á að þeir næðu sömu réttindum gagnvart konungi og Danir sjálfir. Hann lagði mikla áherslu á að aðskilja fjárhag Íslands og Danmerkur og vildi að á Íslandi yrði skipaður jarl eða landstjóri en undir honum yrði landstjórn sem bæri konungsfrumvörp upp fyrir Alþingi og hefði fulla ábyrgð gagnvart þjóðinni.



Lbs.



Á efstu hæð hússins nr. 10 við Klareboder bjuggu Jón og Ingibjörg 1848 þegar hann skrifaði sína frægustu grein, *Hugvekju til Íslendinga*. JL.



Bréf frá Trampe greifa um að hafa herlið tiltækt í Reykjavík meðan á þjóðfundinum stæði. Lbs.

Íslendingar vaknaðir



Sveinbjörn Egilsson, fyrsti rektor Lærða skólans. Skólapiltar hrópuðu hann niður í hinu fræga „pereati“. Málverk á Sal. BGB.

Svo æxlaðist að Jón og Ingibjörg lentu í sjóhrakningum á leiðinni til Íslands sumarið 1849 og komið var undir lok þingsins þegar þau komu loks til Reykjavíkur. En við hin miklu tíðindi frá Danmörku hafði komist mikill hugur í þingmenn og Jón Sigurðsson var nú kosinn forseti þingsins í fyrsta sinn þó að hann væri ekki enn kominn til landsins þegar þing var sett. Eftir að hann kom skrifaði hann í bréfi: „Nú sé ég ekki betur en Íslendingar séu vaknaðir ...“ Ekki bar þó neitt sérstakt til tíðinda á þinginu nema samþykkt var frumvarp til kosningalaga til væntanlegs þjóðfundar, stjórnlagabings Íslendinga. Ákveðið var að helmingi fleiri þingfulltrúar sætu þjóðfundinn en Alþingi og kosningarétturinn yrði töluvert rýmri en í venjulegum alþingiskosningum. Mörg merki um pólitíska ólgu sáust þó um þetta leyti á Íslandi. Meðal þess var „pereatið“, þegar Sveinbjörn Egilsson, fyrsti rektor Lærða skólans og gamall velgjörðarmaður Jóns Sigurðssonar, var hrópaður niður í janúar 1850.



Póstskipið Díana, gufuskip sem hóf siglingar til Íslands 1871. Þjms.

Siglt heim til þings

1845. Fyrsta ferð Jóns Sigurðssonar til Íslands til að sækja hið endurreista Alþingi. Jón fer ríðandi vestur að Hrafnseyri og til Ísafjarðar. Þaðan yfir í Strandasýslu og suður til Reykjavíkur. Að loknu þinghaldi fer hann austur í Árnessýslu og Rangárvallasýslu.

1847: Önnur þingferð Jóns. Hann fer í kjördæmi sitt, kemur við í Flatey og fer síðan sem leið liggur til Hrafnseyrar. Eftir dvöl þar fer hann til Ísafjarðar en ekki er að öðru leyti vitað um ferðir hans.

1849. Þriðja þingferð Jóns. Ferðin gengur erfiðlega og tvisvar verður skipið afturreka vegna stórsjóa. Vegna þessarar seinkunar virðist Jón ekkert hafa ferðast innanlands að þessu sinni.

1851. Fjórdða þingferð Jóns, nú á þjóðfundinn. Óhagstæðir vindar blása og þau verða að hafa viðdvöl í Noregi í tvær vikur. Áður en þinghald hófst var haldinn Þingvallaundur sem Jón sótti.

1853. Fimmta þingferð Jóns til Íslands. Óljóst er hvort Jón hefur farið í kjördæmi sitt vestur á firði en Þingvallafund sækir hann.

1857: Sjötta þingferð Jóns. Áður en þingið hefst fer hann vestur á firði og er það síðasta ferð hans í kjördæmi sitt. Heimildir eru um komu hans á leiðinni í Hjarðarholt í Stafholtstungum og á Stað á Reykjanesi.

1859: Sjöunda þingferð Jóns. Fer með gufuskipi til Íslands með viðkomu í Leith á Skotlandi, líklega í fyrsta sinn, og í Þórshöfn í Færeyjum. Nú er hann erindreki stjórnarinnar í kláðamálinu og ferðast víða um Suður-, Vestur- og Norðurland. Á bakaleiðinni kemur hann við í Edinborg.

1865: Áttunda þingferð Jóns. Að þessu sinni er hann eingöngu í Reykjavík. Í bakaleiðinni til Kaupmannahafnar hefur póstskipið tveggja daga viðkomu á Skotlandi. Jón notar tækifærið og fer í siglingu um Clyde-fjörðinn og skreppur til Glasgow.

1867: Níunda þingferð Jóns til Íslands. Ekkert er getið um ferðalög innanlands.

1869. Tíunda þingferð Jóns. Viðkoma í Skotlandi og Færeyjum. Engin ferðalög innanlands.

1871: Ellefta þingferð Jóns til Íslands. Í bakaleiðinni er að venju komið við í Þórshöfn en síðan siglt til Granton á Skotlandi þar sem höfð er dálítill viðdvöl. Jón fer í skemmtiferð með nokkrum öðrum farþegum til Edinborgar.

1873. Tólfta þingferð Jóns. Engin ferðalög innanlands nema á Þingvallafund.

1875. Þrettánda þingferð Jóns til Íslands. Komið við í Granton á Skotlandi.

1877. Fjórtánda og síðasta þingferð Jóns til Íslands. Engin innanlandsferðalög.



Áður en Jón Sigurðsson hélt til þings í fyrsta sinn héldu Íslendingar honum hóf og ætíð síðan í þau 14 skipti sem hann sigldi heim til þings, og eins er hann sneri til baka að hausti. Þessar veislur voru gjarnan haldnar í Skydebanen við Vesterbrogade, húsakynnum Skotfélagsins. Jónas Hallgrímsson orti ljóð til Jóns Sigurðssonar vorið 1845. Dálítill broddur er í ljóðinu þar sem Jón hafði barist fyrir því að Reykjavík yrði þingstaður en ekki Þingvellir sem Jónas og Fjölnismenn vildu. Þetta var síðasta ljóð Jónasar. Mynd KBM.

Leiðarljóð til Jóns Sigurðssonar (brot)

...
Breiðir kvöldið blíða
bláan yfir sjáinn
ljósa blæju, hýsa
hængir í marsængu.
Hátt um hraunið kletta
hylja runnar, dylja
kjarngrös kaldar firnir,
knýr ramur foss hamar.

...
Hljýjan bústað bjýja
biðjum þér að liði
verða. Þiggðu værðir
værar á grund kærri.
Elt svo hina! Haltu
hugprúður til búða
Vikur. – Við þig leiki
völin á mölinni.

Jónas Hallgrímsson



Málverk Þórarins B. Þorlákssonar. Gefið Menntaskólanum í Reykjavík 17. júní 1911. BGB.



Páll Melsted, forseti þjóðfundarins 1851, tók afstöðu með Dönnum. Þjms.

Þjóðfundurinn 1851

Þegar þjóðfundurinn var loks haldinn á sal Lærða skólans í Reykjavík sumarið 1851 var komið bakslag í Danmörku. Íhaldssöm öfl voru komin til valda sem ekki voru hrifin af því að veita Íslendingum aukna sjálfstjórn. Danska ríkisstjórnin sendi herlið á vettvang til að vera við öllu búin ef til íslenskrar uppreisnar kæmi. Á þjóðfundinum lagði Trampe stiftamtmaður, fulltrúi konungs, fram stjórnarfrumvarp um stöðu Íslands í ríkinu sem var óralangt frá óskum meirihluta fundarins. Samkvæmt því átti Ísland að verða eins og hvert annað hérað í Danmörku og Íslendingar að eiga aðild að danska þinginu. Mikill æsingur greip um sig meðal þingmanna við þessi tíðindi og hélt meirihluti þeirra leynifundi til að leggja á ráðin um viðbrögð heima hjá Jóni Guðmundssyni í Aðalstræti 16, húsi sem enn stendur. Þar var Jón Sigurðsson fremstur í flokki. Flestir konungkjörnu þingmennirnir og einn kjördæmakjörinn fylgdu hins vegar Trampe að málum og sóttu ekki þessa fundi. Þegar ljóst var að ekki gekk saman með fylkingum á þjóðfundinum tók Trampe stiftamtmaður til bragðs að slíta fundinum fyrirvaralaust. Við þetta varð mikil háreysti meðal þingmanna. Þeir steyttu hnefa og hrópuðu ókvæðisorð. Jón Sigurðsson, leiðtogi meirihluta þingmanna, tók til máls og sagðist mótmæla þessari aðferð í nafni konungs og þjóðarinnar og áskilja sér rétt til að kæra þessa lögleysu. Við þessi orð strunsuðu þeir Trampe og Páll Melsted, forseti þjóðfundarins, út úr salnum en flestir fulltrúarnir stóðu á fætur og hrópuðu í einu hljóði: „Vér mótmælum allir.“




Þjóðfundurinn 1851. Brynjólfur Þórðarson málaði 1932. LÍ.

Slagsmál á Langalofti

Eftir að þjóðfundurinn fór út um þúfur hertu dönsk stjórnvöld tókin á Íslendingum með ýmsum aðgerðum, meðal annars brottvikningu embættismanna úr starfi. Sá mikli stjórn málaáhrugi sem vaknað hafði með Íslendingum, eftir að einveldið var afnumið, dofnaði nú aftur til muna. Jón sótti Alþingi sem fyrr árið 1853 og var kosinn forseti þingsins. Að loknu þinghaldi fór fram skilnaðarveisla þingmanna á Langalofti en það var langur salur á annarri hæð Lærða skólans í framanverðu húsinu (nú tvær kennslustofur). Þar var þá heimavist skólasveina á veturna. Veisluna sátu yfir 40 manns. Jón Sigurðsson hélt þar ræðu en svo bar við að Pétur Havsteen amtmaður á Möðruvöllum, einn þingmanna, sveif á Jón undir ræðunni, alldrúkkinn. Blaðið *Þjóðólfur* sagði að Pétur hefði rífið í fót Jóns með ofbeldi og hótað honum ofríki og barsmíð nema hann settist niður og hætti að tala. Pétur Pétursson, síðar biskup, kallaði þá til nafna síns og sagði: „Gáðu að guði og embætti þínu, maður!“ Hljóp hann síðan til og nokkrir aðrir og héldu amtmanni föstum en hann braust um hamslaus. Þess skal getið að Jón og Pétur Havsteen höfðu um hríð verið herbergisfélagar á stúdentsárum í Kaupmannahöfn en voru á öndverðum meiði í stjórn málum.



Trampe greifi sleit þjóðfundinum fyrirvaralaust við mótmæli Jóns Sigurðssonar og þingmanna allra. Þjms.



Dregnar voru upp tvær tillögur að sæta-skipan fulltrúa á þjóðfundinum 1851, en þeir voru helmingi fleiri en sátu á Alþingi. Þjóðskjalasafn.

Alþingi 1857

Dýrafjarðarmálið og kláðamálið



Jens, bróðir Jóns Sigurðssonar, var rektor Lærða skólans frá 1869 til 1872. Málverk af honum hangir á sal skólans. BGB.

Alþingi var háð á sal Lærða skólans 1855 og gerðist það nú í fyrsta sinn að Jón kom ekki til þings. Bar hann við persónulegum ástæðum og miklum önnum við fræðastörf í Kaupmannahöfn. Hann kom hins vegar til þingsins 1857 og bjuggu þau Ingibjörg nú í fyrsta sinn hjá bróður Jóns, Jens Sigurðssyni sem síðar varð rektor Lærða skólans. Þjó hann í Aðalstræti 10, litlu timburhúsi frá dögum Innréttinganna sem enn stendur. Þar höfðu þau Ingibjörg til umráða tvær stofur í sunnanverðu húsinu. Nú var orðin föst venja að kjósa Jón forseta Alþingis og var ekki brugðið frá því að þessu sinni.

Tvö hitamál settu svip sinn á þingið en ekki nutu sjónarmið Jóns Sigurðssonar fylgis í þeim. Staða hans veiktist því nokkuð. Hið fyrra var svokallað Dýrafjarðarmál sem snerist um það að Frakkar fóru fram á að fá að stofna mikla fiskveiðistöð í Dýrafirði. Jón Sigurðsson var hlynntur þessari beiðni og taldi að í henni gæti hlotist ávinningur fyrir Íslendinga. En meirihluti þingmanna var henni andvígur og einnig var mikil andstaða við málið í Ísafjarðarsýslu, kjördæmi Jóns. Með fortölum bak við tjöldin tókst Jóni að koma því svo fyrir að þingið héldi málinu opnu áfram en hafnaði því ekki eindregið. Ekkert varð samt úr þessum áformum Frakka.

Hitt málið snerist um smitnæman sjúkdóm í sauðfé, svokallaðan fjárkláða, sem orðinn var að drepstótt um sunnan- og vestanvert landið. Skiptust menn í tvo flokka um hvort ætti að skera hið sýkta fé eða lækna það með lyfjum. Vísindamaðurinn Jón Sigurðsson fyllti síðarnefnda flokkinn en varð undir á þinginu.



Franskar skútur á Íslandsmiðum. Teikning eftir Auguste Mayer, 1836.

Mótbyrinn á Alþingi 1859

Þingið 1859 var erfiðasta þingið sem Jón Sigurðsson sat. Hann kom þá til landsins, ekki einungis til að sitja Alþingi, heldur einnig sem launaður erindreki stjórnvalda í Danmörku. Danska stjórnin taldi Jón vera eina manninn sem hefði nægan styrk meðal þjóðarinnar til að grípa í taumana og standa fyrir lækningum á fjárkláðanum í samvinnu við dýralækna. Kannski var tilgangur dönsku stjórnarinnar í og með að reka fleyg milli foringja frelsisbaráttunnar og þjóðarinnar og þeim virtist ætla að takast þetta því að Jón náði nú ekki kjöri sem forseti Alþingis en í stað hans var Jón Guðmundsson, gamall baráttufélagi en andstæðingur í fjárkláðamálinu, kosinn forseti. Ýmsir aðrir gamlir samherjar snerust nú einnig gegn honum. Áður en Alþingi var sett og eftir að því var slitið ferðaðist Jón um landið ásamt dönskum dýralæknum en þeir mættu hvarvetna mótstöðu. Þegar þau Ingibjörg héldu áleiðis til Kaupmannahafnar seint um haustið var Jón vonsvikinn og reiður. Hann sleppti því að sækja Alþingi 1861 og 1863 og kom ekki á ný til Íslands fyrr en sex árum síðar.



Við ferjustað. Teikning eftir Auguste Mayer frá 1836. Ferðalög um Ísland voru erfið og slarksöm á 19. öld, hvorki brýr né vegir nema í undantekningartilfellum. Jón Sigurðsson ferðaðist um landið sem kláðerindreki með dönskum dýralæknum, allt austur á Síðu sunnanlands og vestur um í Húnavatnssýslur. Hann kom hins vegar aldrei á Norð-austur- eða Austurland, en þar átti hann sína tryggustu stuðningsmenn. Teikning eftir Auguste Mayer, 1836.



Jón Guðmundsson, ritstjóri og mikill stuðningsmaður Jóns fram að þessu, snerist nú gegn honum. Þjms.

Hylltur við endurkomuna 1865



Matthías Jochumsson skáld og síðar prestur. Hann orti fagnaðarljóð þegar Jón Sigurðsson kom heim eftir sex ára fjarveru, og einnig orti hann eftirmæli um leiðtogann 14 árum síðar. Þjms.



Björn M. Olsen skólapiltur, síðar rektor Lærða skólans. Þjms.

Þrátt fyrir móttbyrinn 1859 átti Jón fastan sess í hjarta landsmanna. Þegar hann steig á land í Reykjavík í lok júní 1865 eftir sex ára fjarveru var hann ákaft hylltur. Þau Ingibjörg bjuggu sem fyrr hjá Jens Sigurðssyni í litla húsinu í Aðalstræti 10. Kvöldið sem þau stigu á land gengu stúdentar og skólapiltar úr Lærða skólanum fylktu liði að húsinu, kölluðu Jón út og sungu kvæði sem Matthías Jochumsson hafði ort af þessu tilefni og var tileinkað honum. Það hefst svo:

*Snillingur snjalli!
Snilld þína skyldi
lofsælum leyfa
ljóðstöfum þjóð.
Frelsisvin frjálsi!
Frónbyggja dyggra
prúðhuga hlýð á
hljóðfagran óð.*

Að loknum söngnum hrópaði flokkurinn þrisvar sinnum í röð: „Lengi lifi herra Jón Sigurðsson“ og fylgdu mikil húrrahróp. Jón tók síðan til máls og bað „hið unga Ísland“ lengi að lifa.

Fimmtán ára skólapiltur, Björn M. Olsen, síðar rektor Lærða skólans, var viðstaddur og hann sagði síðar að Jón hefði talað eins og sá sem vald hefði yfir huga áheyrenda, „vald sem átti rót sína í því töframagni sem streymdi út frá persónu hans“. Björn sagði að sér hefði sérstaklega hitnað „þegar hann kallaði okkur „sitt unga Ísland““.

Helstu andstæðingar Jóns á þingi voru með nokkurn viðbúnað gegn honum að þessu sinni en hann kom fyrir ekki og var Jón kosinn forseti Alþingis með 19 atkvæðum af 24. Var hann síðan jafnan kosinn forseti öll þau þing sem hann átti eftir að sitja.

Fyrir þinginu nú var borið fram langþráð stjórnarfrumvarp um fjárhagslegt sjálfstæði Íslands. Ekki var í því tekið tillit til skuldaskila milli Danmerkur og Íslands aftur í aldir sem var grundvallaratriði í málflutningi Jóns Sigurðssonar. Ýmislegt í frumvarpinu taldi hann þar að auki leiða til þess að Íslendingar spiluðu úr höndum fornum landsréttindum og fengju stöðu nýlendu. Fyrst í stað virtist meirihluti þingmanna ætla að samþykkja stjórnarfrumvarpið en Jóni tókst með einkasamtölum og fundahöldum úti í bæ að fá nokkra ofan af stuðningi við frumvarpið sem varð til þess að það var fellt að lokum með 14 atkvæðum gegn 11. Var það talið einhver mesti sigurinn á þingferli hans.

Sáttahugur 1867

Í júní 1867 kom Jón Sigurðsson í níunda sinn til Reykjavíkur til þess að sitja Alþingi á sal Lærða skólans. Hann var nú orðinn 56 ára gamall. Ávallt var Ingibjörg með honum á þessum ferðum. Helst vildi hún aldrei skilja við mann sinn. Sem fyrr gistu þau hjá Jens í Aðalstræti 10.

Dönum var nú farið að leiðast þófið um skilgreininguna á stöðu Íslands í danska ríkinu og vildu leysa málið í eitt skipti fyrir öll. Lagt var fram nýtt frumvarp til stjórn-skipulaga fyrir Ísland og virðist nokkur sáttahugur hafa verið í þorra þingmanna, meðal annarra Jóni, sem gaf töluvert eftir frá fyrri kröfum sínum. Eftir ítarlegar umræður var stjórnarfrumvarpið samþykkt með nokkrum breytingum. Stjórnarskipti og óvissa í dönskum stjórnvöldum urðu hins vegar til þess að frumvarpið fékk aldrei staðfestingu í Danmörku.



Aðalstræti 10 er lengst til vinstri. Þar bjuggu Ingibjörg og Jón hjá Jens, bróður Jóns, nokkrum sinnum yfir þingtímann. Þjms.



Jens Sigurðsson ásamt Ólöfu Björnsdóttur konu sinni og einu af fjölmörgum börnum þeirra. Þjms.

Aktaskrift eða ekki



Jón Ólafsson, ritstjóri og ævintýramaður, var þingritari 17 ára gamall. Þjms.

Sautján ára gamall skólapiltur úr Lærða skólanum var fenginn til að hreinrita ræður alþingismanna á þinginu 1867. Sá hét Jón Ólafsson og varð síðar einkum kunnur sem ritstjóri fjölda blaða, skáld og ævintýramaður. Hann dró upp dálitla mynd af samskiptum sínum við forseta þingsins:

„Einhvern dag var það að Jón Sigurðsson kom inn og gekk um og leit á verk okkar. Þegar hann kom til mín og leit á hjá mér hnyklaði hann brýrnar, tók upp þær hreinskrifuðu arkir, sem hjá mér lágu, og fletti þeim lauslega.

„Þér skrifið allt of gisið,“ sagði Jón nokkuð stuttlega.

„Þetta er aktaskrift,“ svaraði ég.

„Nei, þetta er ekki aktaskrift.“

„Jú, það er aktaskrift. Þér getið talið stafi og línur.“

„Ég þarf þess ekki, ég sé það.“

„Þér sjáið það ekki rétt. Ég veit að það er aktaskrift.“

„Ég vil ekki heyra meira slúður um þetta. Það verður dregið af borgun yðar fyrir svona skrift,“ sagði hann snúðugt.

„Þér um það,“ sagði ég, líklega ekki í svo auðsveipum tón sem vera bar því að það var farið að þykkna í mér líka. Hann svaraði engu, en það var óblítt augnaráð, sem hann sendi mér þegar hann fór út. - - -

Þetta var í fyrsta skipti, sem ég átti tal við Jón Sigurðsson á ævi minni, og ég get ekki neitað því að það var eins og skvetti dálítið köldu vatni á dyrkun mína á honum því að satt að segja hafði hann verið dýrlingur í augum mínum. Hann varð það nú raunar aftur síðar og er það enn. En þó dálítið á annan hátt en áður. Þetta litla atvik opnaði svo augu mín að ég sá að jafnvel mestu og bestu menn geta gert rangt, þótt eigi sé það viljandi, þegar þeir vilja ekki hafa fyrir því um smámuni að rannsaka hvað rétt er.

Ég skal bæta því við að ég hélt áfram að haga skrift minni nákvæmlega eins og áður. Þegar ég svo eitthvað viku síðar afhenti forseta það sem ég hafði skrifað og reikning um leið til að fá borgað fyrir það, sem ég var búinn með, lét forseti skrifa mér ávísun og dró af mér sem svaraði einni eða tveimur örkum. Þegar ég sá það færði ég honum ávísunina og sagðist ekki taka við neinu. Hann varð stýggur við og sagði mér að fara með ávísunina. Ég lagði hana á borðið hjá honum og sagðist ekki taka hana og ekki mundu skrifa meira. Við það hætti ég þingskriftum. Nokkrum dögum síðar kom þingsveinn með ávísunina til móður minnar og tók hún við henni. En nú var ávísunin fyrir fullri upphæð. Ég komst síðar að því að Jón hafði látið rannsaka skriftina og séð að reikningurinn var réttur.“

Krúsindúllur og blekflækjur

Þegar Jón og Ingibjörg komu til Reykjavíkur 1869 var Jens Sigurðsson, bróðir Jóns, orðinn rektor Lærða skólans og bjó í sjálfum skólanum, rektorsíbúðinni í suðurendanum uppi. Þau gistu samt ekki hjá honum að þessu sinni heldur gamalli vinkonu Ingibjargar, Magdalenu Zoëga, sem bjó áður í Kaupmannahöfn en var nú gift Helga Helgesen, skólastjóra Barnaskóla Reykjavíkur sem var til húsa í svokölluðu Flensborgarhúsi í Hafnarstræti 14. Þar bjuggu þau þetta sumar.


Þingið var að þessu sinni sett undir lok júlí. Jón Sigurðsson var kjörinn forseti á fyrsta degi þingsins með 22 atkvæðum af 25 og settist í grænklætt forsetasætið við vegginn andspænis dyrunum. Þar í röðinni undir málverki af Kristjáni VIII, konunginum sem ákvað endurreisn Alþingis, sátu líka Hilmar Finsen stiftamtmaður, fulltrúi konungs, aðstoðarmaður hans og tveir skrifarar úr hópi alþingismanna. Á miðju gólfi beint á móti þessari röð sátu svo tveir þingritarar en þingmennirnir röðuðu sér í hálfhring umhverfis, tveir um hvert borð. Fyrir aftan þá voru grindur sem skildu milli þingheims og þröngs áhorfendarymis meðfram veggjunum.

Til eru minnisblöð þingforseta fyrir hvern dag meðan þingið stóð þar sem skráð voru þau mál sem voru á dagskrá hverju sinni, ræðumenn, nefndaskipanir og fleira. Greinilegt er að Jóni hefur stundum leiðst á þingfundum eða verið annars hugar því að hann hefur verið að dunda sér við að krotta og skrifa ýmislegt á blöðin undir ræðum manna. Þetta eru alls konar munstur, krúsindúllur, strik, stafir og blekflækjur, á einstaka stað vísubrot eða rímorð í löngum röðum, stafrófið og á einu blaðinu eru fæðingardagar allra þingmanna.



Hilmar Finsen stiftamtmaður var fulltrúi konungs á þinginu 1869. Þjms.

Fas og rödd í ræðustól



Vegabréf Jóns Sigurðssonar 1851. ÞÍ.

Sami Jón Ólafsson lýsti nokkuð fasi Jóns og rödd í ræðustól á þinginu 1867:

„Mér er sérstaklega minnisstæð ein ræða hans í stjórnarskrármálinu á þessu þingi. Fyrri part ræðunnar flutti hann svo að hann hafði hendurnar í buxnavösunum og stóð beinn. En er leið á ræðuna hélt hann þumalfingrunum í vestishandvegina eða axla-böndin undir þeim sitt hvoru megin.“

Jón segir að Jón Sigurðsson hafi jafnan verið í þessum stellingum þegar hann flutti mál sitt á þingi en stöku sinnum hafi hann þó stungið hægri hendinni inn á brjóstið og lagt vinstri höndina aftur fyrir bakið. Aldrei hafi hann hins vegar staðið álútur og stutt höndum á borðið eins og sumra þingmanna hafi verið síður.

„Rómur Jóns var þægilegur, einkar skýr. Hann talaði mátulega hratt, talaði alvarlega og rökvíslega, beitti örsjaldan kímni í ræðu sinni. Hann talaði hiklaust og skipulega og varð aldrei setningafall.“



Styttan sem Einar Jónsson gerði af Jóni Sigurðssyni 1911 sýnir hann í þeim stellingum sem hann var gjarnan í í ræðustóli, þá krækti hann þumalfingrunum innundir vestishandvegina. JL.


„Það vildi ég að slíkur maður lifði eilíflega“

Enn sem fyrr lagði danska stjórnin fram tvö frumvörp um stöðu Íslands í ríkinu en nú var meirihluti þingmanna undir forystu Jóns Sigurðssonar einhuga um að fella þau. Í umræðunum hélt Jón eina sína eftirminnilegustu ræðu þar sem hann rakti baráttuna fyrir auknum landsréttindum og skýrði þann sögulega grundvöll sem hún byggðist á. Svo margir vildu hlýða að mikill troðningur myndaðist á áheyrendapöllum, salardyrnar voru opnar og þar var mannfjöldi langt fram á gang. Ræðan gekk síðar undir nafninu Stóra ræðan. Matthías Jochumsson var viðstaddur og sagði síðar í endurminningum:

„... ægði þingmönnum svo að flestir eða allir urðu yfirkomnir af mælsku hans og yfirburðum og helsti mótstöðumaður hans, Benedikt Sveinsson, hrópaði: „Það vildi ég að slíkur maður lifði eilíflega!““



Reykjavík um 1851. Málverk eftir Jón Helgason biskup. ÁBS.



Benedikt Sveinsson. Þjms.



Málverk af Jóni Sigurðssyni yfir ræðustól Menntaskólans í Reykjavík. BGB.

Stjórnmalaflokkur Jóns Sigurðssonar stofnaður á sal



Merki Hins íslenska þjóðvinafélags. Það var stjórnmalaflokkur Jóns Sigurðssonar, stofnað á sal Lærða skólans 19. ágúst 1871.

Árið 1871 ákváðu Danir að höggva einhliða á hnútinn sem málefni Íslands höfðu hjakk-að í frá þjóðfundinum 1851. Þeir settu svokölluð stöðulög en upphafsorð þeirra hljóðuðu svo: „Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum.“ Jón Sigurðsson og meirihluti þingmanna töldu þau ekki rétt lögð fram formlega þar sem gengið var fram hjá Alþingi. Lögin hleyptu líka illu blóði í Íslendinga og ný róttækialda fór um landið og meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn.

Laugardaginn 19. ágúst 1871 komu 17 þingmenn saman á sal Lærða skólans og var þar formlega stofnaður stjórnmalaflokkur Jóns Sigurðssonar sem þeir kölluðu Híð íslenska þjóðvinafélag. Jón sjálfur var kosinn formaður og átti flokkurinn að lúta forystu hans í einu og öllu og standa straum af baráttu hans á Íslandi og í Kaupmannahöfn.



Nokkrir félagar í „Atgeirnum“ sem stofnaður var í Kaupmannahöfn 1872 sem eins konar Hafnardeild Þjóðvinafélagsins. Meðal þeirra eru Steingrímur Thorsteinsson skáld og rektor 2. f.v., Björn Jónsson síðar ráðherra lengst t.h. og Sigurður, fóstursonur Jóns Sigurðssonar, við borðið fyrir miðju. Þjms.

„Kóngur á Kálfskinni“ hjá busunum

Jón og Ingibjörg ákváðu nú að gista hjá Jens, bróður Jóns, í rektorsíbúðinni uppi á lofti í suðurenda skólans.

Einn skólasveina, Benedikt Sveinsson, síðar á Borgareyri í Mjóafirði, rifjaði löngu seinna upp í bréfi:

„Þá um vorið 1871 var ég morgun einn að ganga um langa ganginn millum bekkjanna með einhverjum piltum ... Þá kemur kona ofan stigann af efra lofti, snýr sér að okkur og spyr hvort hér sé ekki piltur að nafni Benedikt Sveinsson. Ég hélt það og svaraði játandi og vissi varla hvaðan á mig stóð veðrið ...

„Nú þetta kallar maður tilviljun, þér eigið bréf hjá okkur, viljið þér gera svo vel og sækja það upp til okkar, [við] komum seint í gærkvöld eða réttara sagt í nótt með póst-skipinu.“ - - -

Þetta var frú Ingibjörg, kona Jóns forseta Sigurðssonar. Ég lét ekki segja mér þetta tvisvar, var óvanur því að fá bréf og það frá útlöndum og með svona tignu fólki. Ég skaust svo upp til þeirra rétt á eftir. Ég barði svo að dyrum og heilsaði þeim með virðingu og kurteisi er mér var lagin. Og mér var tekið með mestu ljúfmennsku, eins og þeim hjónum var lagið, hann með þessu óþvingaða elskulega brosi sem virtist svo í hóf stillt sem best mátti verða. Hann sat þar konunglegur og virðulegur með hvítt hár og skegg, rjóður í kinnum og [með] tignarsvip á brúnum og enni. Eitthvað svo aðlaðandi og öldur-mannslegt að því verður tæplega lýst.“

Annar skólapiltur, Þórhallur Bjarnarson, var um þessar mundir að taka inntökuþróf í 2. bekk Lærða skólans. Hann kom upp í sögu og landafræði hjá sjálfum rektorinum, Jens Sigurðssyni, og gataði herfilega:

„Var ég þá nauðulega staddur. En þá heyrði ég svörin fyrir aftan mig en þeirri hjálp var ég enn svo óvanur að ég kunni lítt með að fara. Róminn þekkti ég strax enda varð aldrei villst á þeim rómi. Jens fór að hvesa augun fram í bekkinn og byrstist í röddinni en ekki hastaði hann á hvislið úr þeim stað. Á eftir tók Jón [Sigurðsson] mig tali á skólagang-inum til að hugga mig og hressa. Spurði hann mig þá hvort ég kynni söguna af Hræreki Upplendinga-konungi og mun hann hafa orðið að segja mér söguna. Kvað hann svo um að nú yrði ég „kóngur á Kálfskinni“ hjá busunum og gæti það orðið miklu farsælla en að setjast í 2. bekk.“



Jón Sigurðsson. Þjms.




Ingibjörg Einarsdóttir. Þjms.

Rektor Lærða skólans?



Séð inn í þingsalinn af gangi skólans.
BGB.

Margoft kom til tals að Jón Sigurðsson flytti heim og var þá helst talað um að hann yrði kennari við Lærða skólann eða rektor hans. Var lagt fast að honum að sækja um rektorsembættið þegar það losnaði 1868 og aftur 1873. Í síðara skiptið var mikill upp-reisnarandi í skólanum og agaleysi og var hann talinn manna líklegastur til að tjónka við skólapilta. Lét hann tilleiðast að sækja um og var nánast búið að veita honum embættið þegar hann hætti við. Taldi hann að stjórnvöld mundu ná taki á sér og loka munni sínum í stjórnmalabaráttunni ef hann gerðist opinber embættismaður.



Frumteikning af skólanum eftir Jørgen Hansen Koch arkitekt frá árinu 1842. Teikningin fannst í skjalasafni Rentukammersins í Kaupmannahöfn 1997. Hún sýnir vel herbergjaskipan á efri hæð hússins, m.a. Langaloft, svefnloft skólapilta, með rúmstæðum fyrir 30 pilta, og tvær svefnstofur fyrir eldriþekkinga, tíu í hvorri stofu. Íbúð rektors er í suðurenda en samkomusalur, Forsamlingsværelse, í norðurendanum. Þar var Alþingi háð uns nýtt alþingishús reis við Austurvöll 1881. Á neðri hæð eru fjórar kennslustofur, fyrirlestrarstofa, bókasafn og íbúð húsvardar, portners. KB.

Frelsisbylgjan 1873 – stjórnarskrá

Mikilla frelsishreyfinga gætti meðal Íslendinga þegar þau Jón Sigurðsson og Ingibjörg komu til þings 1873. Jens, bróðir Jóns, var nú látinn, og varð það úr að þau hjónin fengu inni hjá gamalli vinkonu sem bjó á Vesturgötu 15.

Jón sat Þingvallafund áður en Alþingi var sett og þar voru samþykktar tillögur sem byggðust í raun og veru á fullkomnum skilnaði milli landanna með þeirri undantekningu að konungssambandið átti að haldast. Þetta fór langt fram úr því sem Jón taldi hyggilegt og ráðlegt á þessu stigi málsins í kröfum til Dana. Hann vissi þá að í undirbúningi var að Íslendingar fengju stjórnarskrá þar sem Alþingi yrði fært takmarkað löggjafarvald og fjárveitingavald. Starf hans á þinginu um sumarið fór því mikið í að dempa hinar röt-tæku kröfur og var að lokum samþykkt þar tillaga þar sem konunginum var nánast gefið sjálfðæmi um að færa Íslendingum stjórnarskrá.

Árið 1874 var haldið upp á þúsund ára afmæli landnáms á Íslandi. Kom konungurinn sjálfur, í fyrsta sinn í sögunni, til Íslands. Þetta var Kristján IX sem kom með friðu föruneysi til að vera viðstaddur hátíðarhöldin. Hafði hann í farteski sínu stjórnarskrá fyrir Íslendinga sem veitti þeim miklar úrbætur og þakka mátti að mörgu leyti baráttu Jóns Sigurðssonar. En það vakti athygli, bæði heima og erlendis, að Jóni var ekki boðið á hátíðina og var hann þó forseti Alþingis.



Þjóðhátíðin á Þingvöllum 1874, Kristján IX ávarpaður. Illustreret Tidende.



Kristján IX varð fyrstur konunga til að heimsækja Ísland. Þjms.




Frá einum af hinum mörgu Þingvallafundum þar sem þjóðfrelsismenn eggjuðu Alþingi til dáða. Fálkafáninn blaktir við hún. Þjms.

Tvö síðustu þingin sem Jón sat



Brjóstmynd B. Bergsliens á sal Menntaskólans í Reykjavík. BGB.



Tilskipun um stjórnarskrá frá 1874. Þjóðskjalasafn.

Jóni Sigurðssyni var að miklu leyti þakkað það að Íslendingar fengu stjórnarskrá 1874 og kepptust þeir við að heiðra hann þegar hann sat sín tvö síðustu þing í Reykjavík. Sjálfur var hann kosinn forseti þingsins sem fyrr en hafði sig nú minna í frammí en áður.

Á fyrsta þinginu sem hafði löggjafar- og fjárveitingavald 1875 var lagt fram „frumvarp til laga um laun handa Jóni riddara Sigurðssyni, alþingismanni Ísfirðinga“ og var það samþykkt. Þetta var ein fyrsta sjálfstæða fjárhagsráðstöfun Alþingis.

Ekki var látið hér við sitja því á síðasta þinginu sem Jón sat, árið 1877, var ákveðið að kaupa hið mikla handrita- og bókasafn Jóns sem nú er hluti Landsbókasafnsins.

Árið 1877 var Jón orðinn veikur og ekki nema skugginn af sjálfum sér, hann tók aldrei til máls allt þingið, var fjörlaus og utan við sig.



Útför Jóns Sigurðssonar. Líkfylgdin gengur frá Bryggjuhúsinu til Dómkirkju 4. maí 1880. Þjms.

Ókrýndur þjóðhöfðingi

Það sem eftir lifði ævinnar var Jón Sigurðsson langtímum saman við rúmið. Hann lést á heimili sínu í Kaupmannahöfn 7. desember 1879 en Ingibjörg lést nú dögum síðar, 16. desember.

Þau höfðu óskað þess að hvíla í íslenskri mold og biðu kistur þeirra flutnings til Íslands til vors. Útför þeirra í Reykjavík fór fram 4. maí 1880 og hafði aldrei farið fram jafn íburðarmikil og fjölmenn útför á Íslandi fram til þess tíma. Bláðið *Norðlingur* lýsti upphafi hennar með eftirfarandi hætti en höfundur frásagnarinnar þar var Benedikt Gröndal skáld, kennari við Lærða skólann:

„Klukkan 10.30 söfnuðust þeir menn saman hjá Latínuskólanum [alþingishúsinu] sem gengu hátíðisgönguna og mynduðu hina eiginlegu líkfylgd; ætlum vér það muni hafa numið fimm hundruðum manna. Tólf marskálkar stjórnðu göngunni. Voru það stúdentar Læknaskólans og Prestaskólans og voru einkenndir með breiðum axlafetum, hvítum og svörtum. Fremstir gengu skólapiltar, yfir hundrað að tölu, þá kennarar hinna æðri stofnana, bæjarstjórn Reykjavíkur og embættismenn, þá handiðnamenn og margir aðrir. Stór merki, blá með fálka og öðrum myndum, voru borin á háum stöngum. Þessi langa mannrúna gekk nú fjórskipuð ofan hjá kirkjunni og niður að Bryggjuhúsinu þar sem kisturnar áttu að koma að frá skipinu.“

Að endaðri athöfn í kirkjunni, sem öll var skreytt, báru embættismenn Hins íslenska bókmenntafélags kistu Jóns Sigurðssonar út úr kirkjunni en bændur og aðrir merkismenn kistu frú Ingibjargar. Á leiðinni upp Kirkjugarðsstíginn (nú Suðurgötu) var leikið á lúðra og horn en allar túnbrekkurnar voru alsettar fólki. Var talið að um tvö þúsund manns hefðu verið þar. Kisturnar voru látnar síga niður í múraða steingröf eða hvelvingu og var hvelvingin alskreytt grænu laufi að innan.

Jarðarför Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur var nánast konungleg og sú langviðhafnarmesta sem fram hafði farið á Íslandi til þessa tíma. Hún var staðfesting á því að Jón Sigurðsson var hinn ókrýndi þjóðhöfðingi Íslands, lífs og liðinn.



Jón Sigurðsson. Þjms.



Leiði Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur í Hólavallagarði. Minnisvarðann teiknaði Brynjulf Bergslien, hann var reistur 1881. Blóm-sveigur frá Reykjavíkurborg er lagður á leiðið að morgni 17. júní ár hvert. JL.



Alþingishúsið var byggt á rúmu ári og vígt 1. júlí 1881. Kennari við Lærða skólann varð að selja kálgarðinn sinn undir hið nýja alþingishús. Þjms.




Gífsafsteypa af marmaramynd Bergsliens frá 1871. Frummyndin stóð á skrifpúlti Jóns í íbúðinni við Austurvegg uns hún var flutt heim ásamt öðrum innan-stokksmunum. Hún er nú í alþingishúsinu en afsteypur eru m.a. í Háskóla Íslands, Menntaskólanum í Reykjavík, á Hrafnseyri og þessi sem er í hornstofunni í Jónshúsi. BGB.

Nýtt alþingishús reist

Á Alþingi 1867 var samþykkt ályktun um að minnast þúsund ára Íslandsbyggðar með þjóðhátíð árið 1874 og með því að reisa í Reykjavík alþingishús af íslenskum steini. Ákveðið var að fela Ferdinand Meldahl húsameistara og forseta Listaháskólans í Kaupmannahöfn að gera teikningu að húsinu. Í byrjun maí 1880 var samþykkt að húsið skyldi standa vestan við Dómkirkjuna. Grjótið í alþingishúsið var aðallega tekið úr Þingholtunum þar sem nú er Óðinsgata. Var það klofið með járn- eða stálfleygum eða sprengt með púðri, síðan flutt í vinnuskúr og höggvið til og ýmist ekið á vögnum eða dregið á sleðum að grunninum. Smíði hússins gekk vel og það var tilbúið til vígslu 1. júlí 1881, eftir aðeins 14 mánaða byggingartíma.

Þótt Jón Sigurðsson hafi aldrei séð hið nýja alþingishús kom hann að ákvörðun um byggingu þess og minningu hans er mjög haldið þar á lofti. Eina málverkið sem prýðir vegg þingsalarins er af Jóni Sigurðssyni eftir Danann August Schiött frá 1866. Brjóstmynd úr marmara af Jóni Sigurðssyni, sem norski myndhöggvarinn Brynjulf Bergslien gerði fyrir Íslendinga í Kaupmannahöfn í tilefni af sextugsafmæli Jóns árið 1871, er einnig í alþingishúsinu. Þá er ótalið stærsta listaverk í eigu Alþingis, en það er þjóðfundarmálverk Gunnlaugs Blöndal sem hann lauk við 1956. Þar sést Jón Sigurðsson fara fyrir fjölda þingmanna sem mótmæla yfirlangi konungsfulltrúa með hinum frægu orðum: „Vér mótmælum allir!“



Málverk Gunnlaugs Blöndal af þjóðfundinum 1851 er eflaust eitt þekktasta myndverk samtímans. Það er gríðarstórt og hangir í gamla anddyri alþingishússins. Alþingi